


VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Grenivíkurskóli



Almannavarnadeild
ríkislögreglustjórans

Sóttvarnalæknir

Menntamálaráðuneyti

Efnisyfirlit

1. Inngangur að viðbragðsáætlun	3
2. Heimsfaraldur inflúensu	4
3. Háskastig almannavarna	5
4. Virkjun viðbragðsáætlana skóla	9
5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans	10
6. Starfssvæði skólans og umfang	11
7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs	12
8. Viðbragðsáætlun Grenivíkurskóla við heimsfaraldri inflúensu	14
9. Samskiptaleiðir	15
10. Kort og teikningar	16
11. Dreifingarlisti	17
12. Breytingasaga	18

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í *Grenivíkurskóla* í samræmi við áætlun Almannafræðis um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Viðbragðsáætlunir skóla hafa samræmda uppbyggingu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum *skólastjóra Grenivíkurskóla*. Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólögráða nemenda. Hún er aðgengileg á www.grenivikurskoli.is

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Grenivík 17. ágúst 2009

Ásta F. Flosadóttir

Skólastjóri Grenivíkurskóla

2. Heimsfaraldur inflúensu

Saga heimsfaraldra inflúensu

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrír heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin en talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en öllu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuhéiði og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem að fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl 2009 greindist nýr stofn inflúensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn hefur breiðst nokkuð hratt út um heimsbyggðina og þegar þetta er skrifað (30. júlí 2009) hafa 46 tilfelli greinst á Íslandi. Til þessa hafa veikindi verið væg og dauðsföll fátíð. Rétt er að benda á að skæð inflúensa af A stofni (H5N1) hefur breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu sem undirrituð var 28. mars 2008 og er að finna á www.almannavarnir.is og www.influensa.is

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

3. Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. **Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.**

Til þess að gefa til kynna umfang almannavarnaviðbragða, þ.e. fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga er hægt að skilgreina umfang á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

• Grænt

Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum.

• Gult

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum.

• Rautt

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum.

Þjóðarvá - hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Með hliðsjón af þessu taka sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila.

Óvissustig

Athuganir, mælingar, hættumat

Skilgreining:

Nýr undirflokkur influensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Samráð / samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir.
2. Samráð / samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga.
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem sýking (H5N1? – önnur sýking?) hefur komið upp.
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar.
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og / eða hjá aðilum, sem hafa sameiginleg verkefni.

Viðbúnaður vegna hættu

Skilgreining:

1. Engin staðfest sýking hérlandis.
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokks inflúensuveirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands.
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta læknisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum.
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga.
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum / flugvöllum.
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast.
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví.
7. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa íhuguð.
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns inflúensu hafa brotist út.

Neyðarstig

Neyðaraðgerðir vegna atburða

Skilgreining:

1. Stofn inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlandis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað.
2. Samkomubann, lokun skóla o.fl.
3. Útskrift sjúklinga af sjúkrahúsum.
4. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa.

Skammstafanir og orðskýringar

AR	Sýkingartíðni
AVD	Almannavarnadeild
AVN, Av-nefnd	Almannavarnanefnd
CDC	Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
ESB	Evrópusambandið
LL	Landlæknisembættið
RLS	Ríkislögreglustjórinn
RÚV	Ríkisútvarpið
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
SVL	Sóttvarnalæknir
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

DMR	Dómsmálaráðuneyti
HBR	Heilbrigðisráðuneyti
MRN	Menntamálaráðuneyti

Sóttvarnaráðstafanir

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar, s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og reglulegar guðsþjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni afléttir heilbrigðisráðherra því samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna, sbr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjunum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB hafa með sér náið samstarf við að fylgjast með og meta stöðuna. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu frekar en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri inflúensu. Viðbragðsáætlun ráðuneyta gegn heimsfaraldri inflúensu er gerð með háskastig almannavarna til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmiðlum og er sett hér fram til skýringar.

9

4. Virkjun viðbragðsáætlana skóla

Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

Breyttur viðbúnaður í skólum

Tilkynntar breytingar á háskastigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmiðlum og á heimasíðu þess www.menntamalaraduneyti.is og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

Viðbúnaður í einstökum skólum. Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi vegna influensu eru ákveðnar.

Afboðun. Þeir þættir viðbragðsáætlana skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

Óvissustig

Unnið að gerð viðbúnaðaráætlunar. Skólarnir upplýsa starfsfólk, nemendur og aðstandendur þeirra og aðra hagsmunaaðila um undirbúning og viðbrögð komi til hættu- eða neyðarástands.

Hættustig

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um skólahald á hættustigi.

Neyðarstig (e.t.v. samkomubann)

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um starfsemi hans á neyðarstigi. Komi til samkomubanns verður skólum lokað á tilteknu svæði eða landinu öllu.

5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans

Skólastjóri Grenivíkurskóla er Ásta F. Flosadóttir. Vinnutími hennar er frá kl. 8 til 16 alla daga.

Staðgengill skólastjóra er Hólmfríður Björnsdóttir.

Grenivíkurskóli starfar með fræðslu- og æskulýðsnefnd Grýtubakkahrepps.

Formaður nefndarinnar er Margrét Ösp Stefánsdóttir

Lykilstarfsmenn skólans eru:

Ásta F. Flosadóttir skólastjóri

Hólmfríður Björnsdóttir, staðgengill skólastjóra

Guðrún Árnadóttir, fagstjóri stuðningskennslu

Hermann Gunnar Jónsson, umsjónarmaður fasteigna

Sesselja Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur

6. Starfssvæði skólans og umfang

Grenivíkurskóli er auðfundinn, skólinn stendur á hæð ofan við Grenivík og er fyrsta húsið sem komið er að þegar komið er til Grenivíkur. Húsið er á tveimur hæðum og áfast er íþróttamiðstöð Grýtubakkahrepps, íþróttahús og sundlaug. Á efri hæð skólans eru kennslustofur og kennarastofa en á neðri hæð skólans eru verkgreinastofur, eldhús, geymslur og matsalur nemenda (sem jafnframt er notaður sem samkomusalur).

Starfsfólk:

Kennarar og skólastjóri: 12

Skólaliðar, matráður, húsvörður og bókavörður: 5

Nemendur: 54


7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs

Bráðabirgðamat 10.8.09 á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu á komandi vikum fyrir landið allt

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu sem gengur yfir um þessar mundir þar sem tillit er tekið til afleiðinga sambærilegar hefðbundnum árlegum inflúensufaraldri (30% sýkingartíðni, 1% tíðni alvarlegra sjúkdómseinkenna og 0,1% dánartíðni). Litið er á alvarleika þessa heimsfaraldurs til jafns við árstíðabundinn inflúensufaraldur. Mun fleiri sýkjast þó í heimsfaraldri (30-50%) en í hefðbundnum árlegum faraldri (5-10%). Þetta leiðir til þess að fleiri munu veikjast alvarlega og fleiri látast af völdum heimsfaraldursins þótt hann sé hlutfallslega ekki skæðari en venjuleg inflúensa.

Mikilvægt er að hafa í huga að bráðabirgðamat þetta þarf ekki að endurspegla raunverulega útkomu faraldursins en er fyrst og fremst ætlað að vera viðbragðsaðilum til hjálpar við að undirbúa aðgerðir.

Algengt er að inflúensufaraldur berist í tveimur eða þremur hrinum á allt að árs tímabili. Hver hrina byrjar með lágri sýkingatíðni sem eykst og nær hámarki og fellur aftur á nokkurra vikna tímabili, oftast 8-12 vikum. Sýkingartíðnin er þá há í nokkrar vikur í hverri hrinu.



Búast má við að sýkingartilfelli dreifist á 12 vikna tímabili, sjá töflu, skv. embætti sóttvarnalæknis.

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
%	1%	4%	15%	22%	23%	15%	8%	5%	3%	2%	1%	1%

Eins og sjá má er líklegt að um nokkrar fjarvistir starfsmanna verði að ræða í inflúensufaraldri. Fjöldi fjarvista er háður því hversu alvarlegur faraldurinn verður og einnig hver viðbrögð almenninga verða. Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- smits af inflúensu
- annarra veikinda
- annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla
- beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér
- beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann
- raskana á almenningssamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks
- ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Fjarvistir starfsmanna munu verða mestar þegar sýkingartíðni er hæst í faraldri, eða u.þ.b. í 5. viku af u.þ.b. 12 vikum. Búast má við tveimur til þremur hrinum af inflúensufaraldri með nokkurra mánaða millibili.

Það er ekki hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðvum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsmenn meta hættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.

8. Viðbragðsáætlun –Grenivíkurskóla- við heimsfaraldri inflúensu

Verkefni skóla: Í þessum kafla er lýst eiginlegum aðgerðum sem viðbragðsáætlun hvers skóla á að tryggja að fylgt sé á mismunandi háskastigum.

Áætlunin þarf sérstaklega að lýsa því hvernig skólinn starfar eftir að hættustigi eða neyðarstigi hefur verið lýst yfir. Á neyðarstigi getur komið til samkomubanns og lokunar skóla á tilteknum svæðum eða á landinu öllu.

Hver annast verkefnisstjórn við gerð, uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar í skólanum?

Skólastjóri (Ásta F. Flosadóttir), staðgengill skólastjóra (Hólmfríður Björnsdóttir) og fagstjóri stuðningskennslu (Guðrún Árnadóttir) vinna náið með skólahjúkrunarfræðingi (Sesselja Bjarnadóttir) að viðbragðsáætlun skólans.

Hvernig á að upplýsa nemendur, starfsmenn og aðstandendur um inflúensuna, útbreiðsluleiðir og hvernig draga megí úr smitleiðum?

Sendur verður tölvupóstur á heimili nemenda, þar sem viðbragðsáætlunin er kynnt og upplýsingum miðlað. Fólki er bent á upplýsingasíðurnar www.almannavarnir.is þar sem finna má bæklinginn „Munum eftir inflúensunni“ svo og á www.influensa.is og <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/>

Hvernig á að bregðast við veikindatilfellum nemenda í skólanum?

Veikist nemandi í skólanum verður haft samband við foreldra og nemandinn fer heim. Mælt er með því að þeir sem veikjast séu heima **í 14 daga** frá upphafi veikinda og lengur ef þess þarf. Foreldrar tilkynna veikindi til skólans gegnum www.namfus.is, með tölvupósti á asta@grenivikurskoli.is eða með því að hringja í skólann í síma 414 5413.

Grenivíkurskóli mun halda uppi kennslu í lengstu lög, komi ekki til samkomubanns. Skólastarf dagsins verður þá skipulagt að morgni og aðlagað að þeim starfsmönnum og nemendum sem eru í skólanum.

Hvernig verður skólaakstri háttað?

Skólaakstur verður skv. áætlun meðan skólinn er opinn. Þegar nemandi í skólaakstri veikist þarf að tilkynna það til skólabílstjóra.

Skólabílstjóri er Anna Bára Bergvinsdóttir (s. 894-3220). Bergvin Jóhannsson leysir hana af (s. 696-3162). Varabílstjórar í forföllum þeirra eru: Sveinn Sigtryggsson (s. 899-9906) og Hafsteinn Sigfússon (s. 895-3905).

Hvernig er skipulagning afleysingakerfis lykilstarfsmanna (skólastjórna) ef til veikinda hjá þeim kemur?

Séu bæði skólastjóri og staðgengill forfallaðir tekur fagstjóri stuðningkennslu við stjórn skólans. Síðan er afleysingakerfið í aldursröð þannig að elsti kennarinn hverju sinni fer með skólastjórnina.

Komi til lokunar skóla

Hvernig verður lokun auglýst og aflýst?

Komi til þess að loka þurfi skólanum verður tilkynning þar um sett á heimasíðu skólans og send foreldrum og forráðamönnum í tölvupósti. Starfandi skólastjóri sér um að þetta sé gert.

Meðan á lokun stendur verður tölvupósti svarað og reynt verður að tryggja símsvörun. Tilkynning um opnun skólans verður sett á heimasíðu og einnig send í tölvupósti.

Verður unnt að halda úti áframhaldandi skólastarfi í einhverri mynd þrátt fyrir lokun skóla?

Kennarar munu senda tölvupóst og setja inn á Námfús/facebook/classroom leiðbeiningar til nemenda um heimanám. Skólastjóri og kennarar skipuleggja fjarnám nemenda.

Hvernig verður tryggð umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur?

Starfsmenn Grýtubakkahrepps munu hafa umsjón með húsnæðinu komi til lokunar skólans og í forföllum húsvarðar.

Hvernig verður staðið að skipulagningu skólastarfs eftir opnun?

Kennarar mæta í skólann degi áður en skólinn er opnaður. Þar undirbúa þeir opnun skólans og endurskoða kennsluáætlanir eftir þörfum.

9. Samskiptaleiðir

Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun

Starfsmenn skólans:

Ásta F. Flosadóttir	Skólastjóri	463 3264 863 5471	asta@grenivikurskoli.is
Hólmfríður Björnsdóttir	Staðgengill skólastjóra	863 3106	hobba@grenivikurskoli.is
Guðrún Árnadóttir	Fagstjóri stuðningskennslu	898 5632	gunna@grenivikurskoli.is

10. Kort og teikningar

Sóttvarnasvæðin

Íslandi er skipt upp í átta sóttvarnaumdæmi og er sóttvarnalæknir skipaður í hverju þeirra. Í stórum sóttvarnaumdæmum eru skipaðir sóttvarnalæknar ákveðinna svæða. Sjá mynd 10.1.

Sóttvarnalæknar umdæma og svæða

Höfuðborgarsvæðið

Lúðvík Ólafsson framkvæmdastjóri heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins
Gunnar Ingi Gunnarsson, heilsugæslulæknir Árbæ, Reykjavík

Vesturland

Pórir Bergmundsson, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi
Friðrik Jónsson, St. Fransiskuspítalinn í Stykkishólmi

Vestfirðir

Fjölur Freyr Guðmundsson, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði

Norðurland

Jón Torfi Halldórsson, Heilsugæslan Akureyri
Ásgeir Böðvarsson, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík
Héðinn Sigurðsson, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Austurland

Stefán Þórarinnsson, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Egilsstöðum
Björn Magnússon, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað

Suðurland


Óskar Reykdalsson, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi

Vestmannaeyjar

Karl Björnsson, Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja

Suðurnes

Sigurður Árnason, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær
Sigurjón Kristinsson, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær



11. Dreifingarlisti

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	10/08/2009	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum	
1.0	24.sept.	Viðbragðsáætlun skóla birt	ÁFF
	29. ágúst 2014	Áætlun uppfærð	ÁFF
	2.mars 2020	Áætlun endurskoðuð v. Covid19	ÁFF

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: www.grenivikurskoli.is

Innri vefur skólans : *á google-drive. Sameign - Flensa*

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Deildir innan skólans, nefnið allar og fjölda eintaka	
Skrifstofa skólastjóra	1 stk.
Kennarastofa	1 stk.

12. Breytingasaga